

Stjórn Stjórnsýsluhússins á Ísafirði

Miðvikudagur 12. júní 2024 kl. 11.20 á skrifstofu sýslumanns

Mættir: Jónas, Bryndís (í fjarfundi), Magnús, Friðrik

1. Staða á viðhaldi og framkvæmdum hússins.

Gestur: Sturla Páll Sturluson, húsvörður

Liggur fyrir skjal frá Sturlu frá síðasta vetri um það viðhald sem nauðsynlegt er.

Listi yfirfarinn:

- Búið að laga fánastangir við Silfurtorg og vatnsþrýsting í húsinu (síur teknar).
- Pollgötuhið (vestur) er lokið. Gler fyrir austurhluta ætti að klárast í sumar.
- Þarf að ýta á verktaka með að laga reyklosunarglugga, Ívar (Sturla).
- Þéttingar í lausafögum og lamir. Búið að ræða við vertaka um að skipta um, en þarf að ítreka Ívar (Sturla).
- Steypa stétt við hraðbanka. Ívar. (Sturla).
- Rennslisstýring ofnar. Taka allt húsið í einu. Þarf að ræða við verktaka um að gera núna að sumri, Alli (Sturla).
- Dúkur á þaki lögreglustöðvar lekur og leki á 4. hæð vegna útslegins öryggis í hitaþráð. Búið að laga hitaþráð en þarf að skipta um dúk. Þarf að fá verktaka. Þarf að laga loft og vegg eftir leka í eldhúsi og á nokkrum stöðum á 4. hæð (Sturla)
- Laga hurð í sorpgeymslu. Búið að nefna við Ívar. (sturla)
- Gólflistar í sameign og áfellur. (sturla)
- Trappa við hurð á neyðarútgangi. Búið að nefna við Ívar. (sturla)
- Mála grindverk blátt. (sturla)
- Kaupa stóran skjá og tengibúnað (bryndís)
- Húsgögn á 4 hæð uppfæra
- Brunaviðvörðunarkerfi – status quo. Þarf að fara í með kerfislofti. Ekki viðgerðarhæft, en ekki komnar kostnaðartölur fyrir nýtt brunakerfi. Þarf að draga nýja brunapólna víra í kerfið. Fá verð.
- Loftljós – sama og brunaviðvörðunarkerfi. Hluti nýs kerfislofts. Perur ófáanlegar í ljósin (innan og utan Íslands). Væri hægt að kaupa nýja kúpla. Fá verð.
- Ljós í speglum á wc og staurljós í sameign. Perur fást ekki lengur. Þarf að skipta um fljótlega.
- Veggklæðning löguð. Lokið
- Búið að skipta út ljósum á 4. hæð (bara fundarsal). Eru dimmanleg. Lokið.
- Hringrásardæla í snjóbræðslukerfi. Lokið.
- Ljós í neyðarútgangi. Lokið.
- Skúringavél. Lokið.

Sturla fenginn til að forgangsraða og kostnaðarmeta verkefni.

Bryndís sendir Sturlu lista og netföng stjórnar.

Sturla yfirgaf fund kl. 11.50.

2. Hjólaskýli. Staða.

Gestur: Kjartan Árnason, arkitekt.

Kjartan sendir gögn um tillögur að hjólahúsi, stærð, efni og staðsetningu.

Stjórn ræðir betur.

Þyrfti upplýsingar um hjólafestingar og tillögu að annarri staðsetningu.

Kjartan yfirgaf fund kl. 12.10.

3. Athugun á kostum þess að fá rakatæki í loftræstikerfi hússins og upplýsingar um kostnað.

Getur: Arnþór Jónsson frá Verkís

Í gamla kerfi var rakainngjöf, rennandi vatn og loftstraumur greip vatnið. Mjög einfalt og frumstætt kerfi. Var gerð tilraun til að fá fram meiri raka og þá fóru rúður að gráta, á sumum stöðum. Erfitt að stjórna í báðar áttir.

Rakastigið er mjög lágt á svæðinu og í húsinu. Viðast er þetta leyst með loftræstikerfi (loftskiptikerfi) eins og þetta nýja er. Viðast búið að taka rakagjöf út fyrir kerfið eins og hjá okkur. Og flestir með rakatæki á sínu svæði. Ef þetta er innan kerfis þá er mikil hætta á myglu. Líka erfitt að fylgjast með, mjög viðkvæmt kerfi.

Arnþór ætlar að kanna kostnað betur og hvort þetta henti sem lausn.

Líst samt betur á staðbundin rakatæki, en að setja það í heildakerfið vegna mygluhættu. En ætlar að skoða betur og ræða aftur við stjórn um hvernig rakatæki henti.

4. Leiga á mötuneyti til Hótel Ísafjarðar um helgar í sumar.


Þarf frekari upplýsingar um ábyrgð hótelsins þegar starfsmenn þeirra eru í húsi um helgi og hvernig mötuneytið ætlar sér að hafa opið í sumar.

5. Þrif á gluggum og útveggjum hússins. Athugun á tilboði frá Sólar hf.

Fá nýtt tilboð í gluggaþrif + þrif á verstu svæðum varðandi fugladrit. Bryndís kannar.


Næsti fundur ákveðinn 26. júní kl. 10.30.

Fundi slitið kl. 12.35.


Jónas B. Guðmundsson

Undirritað 20. júní 2024


Bryndís Ósk Jónsdóttir


Hallgrímur Magnús Sigurjónsson


Friðrik Þórir Hjaltason